

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Garðabær, 16. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0038  
IAS

**Efni: Kerlingarfjöll, landvarðaskáli. Tillaga að nýju deiliskipulagi.**

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. 21. desember 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir landvarðaskála í Kerlingarfjöllum.

Fyrirhugað er að reisa landvarðarskála sunnan Kerlingarfjallavegar. Svæðið er innan þjóðlendu og er friðlýst frá ágústmánuði 2020. Lóðin er 404 m<sup>2</sup> og á henni verður heimilt að byggja allt að 150 m<sup>2</sup> skála á einni til tveimur hæðum með mænishæð allt að 7 m, miðað við kólfskóta. Lóðin er utan við gildandi deiliskipulag en liggur að því vestan við núverandi hesthús og ferðafélagshús sem eru við aðkomuveg að Ásgarði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið í gegnum tillöguna og telur jákvætt að stefnt sé að því að bæta aðstöðu fyrir landverði og starfsfólk Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýsta svæðinu. Þar með verður auðveldara að tryggja eftirlit með umferð ferðafólks á svæðinu og koma í veg fyrir rask á viðkvæmri náttúru. Þó staðsetningin sé ekki innan þjónustusvæðis Ásgarðs eins og Náttúrufræðistofnun lagði til í fyrri umsögn þá tengist svæðið þjónustusvæðinu og er á lítt grónu svæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

